

Enn fremur er lögreglustjóra heimilt eftir beiðni heilbrigðisnefndar, að gefinni 21
viðvörðun, að stöðva starfsemi, er fellur undir samþykkt þessa um stundarsakir, ef 14. marz
ekki er bætt úr ágöllum.

154. gr.

Ef einhver brýtur ákvæði samþykktar þessarar eða vanrækir að hlýðnast í tæka
tíð fyrir mælum heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykktinni, skal hann sæta sektum
allt að 5000 krónum, nema þyngri refsing liggi við að lögum, og rennur sektarféð í
bæjarsjóð.

155. gr.

Mál er rísa út af brotum á samþykkt þessari skulu rekin að hætti opinberra mála.

156. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi, jafnskjótt sem hún hefur verið birt í Stjórnar-
tíðindum. Jafnframt er úr gildi numin heilbrigðissamþykkt fyrir Vestmannaeyja-
kaupstað nr. 81 28. okt. 1925.

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðis-
samþykktir, er hér með eftir tillögum landlæknis staðfest framanrituð heilbrigðis-
samþykkt fyrir Vestmannaeyjakaupstað, er bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur
samþykkt.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. marz 1960.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

G J A L D S K R Á

fyrir vatnsveitu Stórolfshvolshverfis í
Rangárvallasýslu.

22

28. febr.

1. gr.

Vatnsskatt greiði notendur veitunnar árlega samkvæmt eftirfarandi reglum:

- a. Fyrirtæki svo sem sláturhús, frystihús, almenningsþvottahús og þvottastöðvar
bifreiða greiði vatnsskatt, sem hreppsnefnd Hvolhrepps ákveður fyrir eitt ár í
senn.
- b. Aðrir, sem fá vatn frá veitunni, greiði skattinn af öllum húsum sínum samkvæmt
gildandi fasteignamati og sé skatturinn 3% af þeim húsum, sem metin eru allt
að 100.000.00 krónur, en af þeim húsum, sem metin eru hærra, sé skatturinn 2%.
Auk þess skal greiða fastagjald 200.00 krónur fyrir venjuleg íbúðarhús, en sé
vatnið einnig notað til brynningar nautgripa, skal fastagjaldið vera 300.00 krónur.
Vatnsskattur má þó aldrei lægri vera en 300.00 krónur.

Séu tvær eða fleiri fjölskyldur (íbúðir) í sama húsi, verður vatnsskattur fyrir
hverja eigi lægri en 300.00 krónur.

Ofanefnd gjöld getur vatnsveitunefnd sem leggur á skattinn hækkað eða lækkað
að árlega um allt að 50%.

22

28. febr.

Gjaldlagningu vatnsskattsins skal vera 1. marz ár hvert, nema árið 1960 skal hann vera 1. apríl.

2. gr.

Af húsum sem tengd eru við vatnsveitukerfið eftir gildistöku gjaldskrár þessarar, skal greiða tengigjald eða stofngjald 500.00 krónur. Gjald þetta skal greiðast áður en húsið er tengt við vatnsæð.

3. gr.

Húseigandi ábyrgist greiðslu vatnsskatts, en heimilt er honum að hækka leigu, sem skatti eða skattaukningu svarar, þótt húsaleigan hafi áður verið ákveðin.

4. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki og skal hann tryggður með lögveðrétti í hlutaðeigandi húseignum næstu tvö árin eftir gjaldlaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samnings- og aðfararveði.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvolhrepps í Rangárvallasýslu, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi 29. febr. 1960, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 204 30. des. 1958 fyrir vatnsveitu Stórólshvolshverfis í Rangárvallasýslu.

Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1960.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

23

21. marz

AUGLÝSING

um verðlagningu sérlyfja, samkvæmt lyfsöluskrá II.

Þar til gefin verður út ný lyfsöluskrá II, sem nú er í undirbúningi, skal verðlagningu sérlyfja samkvæmt lyfsöluskrá II hagað þannig, að heildsöluálagning verði eigi hærri en 16% (umboðslaun innifalin, söluskattur í tolli án álagningar), en smásöluálagning verði eigi hærri en 40% á heildsöluverð.

Innflytjendur sérlyfja skulu láta lyfjaverðskrárnefnd í té staðfesta vörureikninga og verðútreikninga í tvíriti um innflutning vara sem falla undir tollskrár nr. 28/57 og 28/58, áður en sala verður hafin samkvæmt verðútreikningum á smásöluverði, sem birtir verða sem breytingar á lyfsöluskrá II er þeir liggja fyrir samkvæmt framansögðu.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt heimild í konungsráðgjafi frá 14. jan. 1897, sbr. augl. 15. janúar 1897, og birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. marz 1960.

Ingólfur Jónsson.

Baldur Möller.